



# HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

## REYKJAVÍK UNIVERSITY

Tölvunarfræðideild

### **Boggan - Slysavarnaskóli sjómanna - Lokaskýrsla -**

**Nemendur:**

Anton Sigurðsson  
Lena Dögg Dagbjartsdóttir  
Lilja Ösp Sigurjónsdóttir  
Sigurður Jónsson

**Kennari:**

Hallgrímur Arnaldsson

**Leiðbeinandi:**

Elín Elísabet Torfadóttir

**Prófdómari:**

Hannes Pétursson

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Um verkefnið .....	5
Skipulag hópsins.....	6
Verkátætlun .....	6
Verklag hópsins .....	7
Prófanir .....	9
Einingaprófanir .....	9
Selenium prófanir.....	9
Viðtökuprófanir .....	9
Notendaprófanir .....	9
Hraðaprófanir .....	10
Sögur.....	11
Verklag við söguvinnu .....	11
Framvinda .....	12
Sprettur 1 .....	12
Sprettur 2 .....	13
Brunarit .....	13
Sprettur 3 .....	14
Brunarit .....	14
Sprettur 4 .....	15
Brunarit .....	15
Sprettur 5 .....	16
Brunarit .....	16
Sprettur 6 .....	17
Brunarit .....	17
Retrospective.....	17
Sprettur 7 .....	18
Brunarit .....	18
Sprettur 8 .....	19
Brunarit .....	19
Hraðarit verkefnisins .....	20
Brunarit verkefnisins í heild .....	21
Brunarit verkhluta verkefnisins .....	22
Samantekt úr dagbók .....	23

Samantekt (Post Mortem) .....	24
Lokaorð .....	25
Fylgiskjöl .....	26
Forritunarreglur .....	26
Almennt .....	26
Nafnagiftir .....	26
C# reglur .....	26
JavaScript reglur .....	27
HTML reglur.....	28
Útlitsreglur .....	28
Sögur verkefnisins .....	29
Sprettur 1 .....	29
Sprettur 2 .....	30
Sprettur 3 .....	30
Sprettur 4 .....	31
Sprettur 5 .....	33
Sprettur 6 .....	35
Sprettur 7 .....	36
Sprettur 8 .....	39
Sögur sem eru óunnar .....	39

## Inngangur

Boggan, námskeiðabókunarkerfi fyrir Slysavarnaskóla Sjómanna, er lokaverkefni okkar hjá Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík. Kerfið leysir af hólmi eldra kerfi sem verið hefur í notkun hjá skólanum síðan 1999. Það kerfi er smíðað í Access og var farið að vera þungt í vinnslu og einnig voru ýmsir möguleikar sem ekki var hægt að bjóða upp á í því. Þess vegna var sú ákvörðun tekin að fá hóp frá Háskólanum í Reykjavík til að vinna nýtt veflægt bókunarkerfi sem lokaverkefni. Nýja kerfið er smíðað ofan á SQL Server gagnagrunn og bíður upp á að hægt sé að nota það bæði í borðtölvu og spjaldtölvu.

Með Boggunni er von okkar að notendaupplifun verði betri, með hraðvirkari grunni og sveigjanlegra kerfi. Einnig ætti pappírsvinna og tvíverknaður starfsfólks að minnka, þar sem listar sem hafa hingað til verið á pappírformi sem síðar er handfært inn í kerfið verða nú hluti af tölvukerfinu.

## Um verkefnið

Starfsmenn Slysavarnaskóla Sjómannanna treysta alfarið á núverandi bókunarkerfi fyrir utanumhald á námskeiðum skólans. Mikilvægt er því að nýja kerfið sem leysa mun það af hólmi standist samanburð og hægt sé að treysta að skráningar séu réttar og upplýsingar skili sér rétt til notandans.

Helstu markmið með nýja kerfinu eru að hægt sé að:

- ✚ Stofna og breyta námskeiðum í námskrá skólans.
- ✚ Skrá fyrir hvert námskeið hvaða hæfnismarkmið nemendur þurfa að uppfylla til að teljast hafa lokið því.
- ✚ Stofna og breyta námskeiðum í námskrá á stundaskrá.
- ✚ Lesa inn upplýsingar úr þjóðskrá og samkeyra við viðskiptavinaskrá.
- ✚ Stofna inn viðskiptavini sem ekki eru í þjóðskrárinnlestrinum.
- ✚ Skrá nemendur á námskeið.
- ✚ Prenta út ýmsar skýrslur og skírteini til staðfestingar á að nemandi hafi lokið námskeiði og öðlist með því tiltekin réttindi.

Auk allra þessara möguleika mun nýja kerfið bjóða upp á að:

- ✚ Skrá mætingu nemenda á námskeiði. Þetta hefur hingað til eingöngu verið á pappírformi og mætingalistarnir hafa verið geymdir í möppu inni á skrifstofu skipsins.
- ✚ Skrá í skorkort hvort nemendur hafi uppfyllt markmið námskeiðsins. Eins og mætingalistinn, hefur þessi listi einnig bara verið á pappírformi hingað til. Það er ósk stjórnenda skólans að hægt sé að skrá í tvo ofangreinda lista í spjaldtölvu til að auka sveigjanleika við útfyllingu þeirra.
- ✚ Senda sms og email á nemendur námskeiðs. Það verður bæði hægt að senda skilaboð á hvern aðila fyrir sig (td. til að minna á að staðfesta plássið) eða allan hópinn.
- ✚ Senda sjálfvirk sms og email til að minna á námskeið. Sú keyrsla fer af stað einu sinni á dag og sendir áminningu á þá nemendur sem skráðir eru á námskeið sem hefjast munu daginn eftir.

# Skipulag hópsins

## Verkátætlun

Við áætluðum að vinna allt verkefnið í 7 sprettum, þar sem fyrsti sprettur hófst þann 31. janúar og seinasta spretti lýkur þann 14. maí. Sprettirnir enduðu með að vera eftirfarandi:

1. Sprettur – 31. jan til 13. feb
2. Sprettur – 14. feb til 27. feb
3. Sprettur – 28. feb til 13. mars
4. Sprettur – 14. mars til 23. mars
5. Sprettur – 24. mars til 10. apríl
6. Sprettur – 11. apríl til 24. apríl
7. Sprettur – 25. apríl til 8. maí
8. **Lokasprettur** – 9. maí til 14. maí

Þar sem sprettur 4 gekk óvenjuhratt og vel fyrir sig, lauk honum töluvert fyrr en gert hafði verið ráð fyrir og var því 8 spretti bætt aftast í listann.

Markmiðið sem við settum okkur í upphafi var að hafa fyrstu útgáfuna (deployment) við lok þriðja spretts og það markmið náðist. Svo ætlum við að setja nýja útgáfu í loftið við lok hvers spretts fyrir sig. Við höfum sett upp build server sem að keyrir einingarprófin okkar við hverja innsendingu á verkefninu. Auk þess sem við höfum sett upp Selenium viðmótsprófanir sem keyrðar eru handvirkt.

## Verklag hópsins

Verkefnið var unnið eftir Scrum aðferðarfræðinni. Scrum master er Lena Dögg. Hún hefur góða þekkingu á Scrum aðferðafræðinni, er skipulögð og góð í verkefnastjórnun. Hópurinn var einróma sammála um að hún væri best í hlutverkið af öllum í hópnun. Hennar hlutverk verður að halda daglega Scrum fundi (Scrum standup) og gæta þess að ekkert standi í vegi þess að þróunarteymið geti unnið í sínum verkefnum.

Product owner er Sigrún Anna Stefánsdóttir, skrifstofustjóri hjá Slysavarnaskóla Sjómannanna. Hún er sú sem sér um allt utanumhald um námskeið Slysavarnaskólans og hefur unnið við það í um tíu ár. Hún er þar af leiðandi sú sem best þekkir núverandi kerfi, hvað er nauðsynlegt að flytja yfir í nýja kerfið og hvaða viðbætur eru æskilegar. Hennar hlutverk er að gæta þess fyrir hönd Slysavarnarskólans að verkefnið sé unnið samkvæmt þeirra óskum og þeim þörfum sem kerfið á að uppfylla sé uppfyllt.

Í þróunarteyminu eru allir meðlimir hópsins. Það eru Anton Sigurðsson, Lena Dögg Dagbjartsdóttir, Lilja Ösp Sigurjónsdóttir og Sigurður Jónsson. Þrátt fyrir að Lena fari með hlutverk Scrum master, mun hún jafnframt koma að forritun meðfram því hlutverki. Hlutverk þróunarteymisins er að hanna og þróa kerfið út frá óskum Slysavarnarskólans og standa við áætlun hvers spretts.

Í upphafi hvers vinnudags höfum við haldið stuttan Daily standup fund. Á honum hefur hver meðlimur hópsins sagt frá því hvað hann gerði frá síðasta daglega fundi, hvað næst sé á dagskrá og hvort hömlur séu í veginum. Munu meðlimir skrá nýttu tíma í þeirri sögu sem þeir eru að vinna að. Scrum master mun að endingu taka niður Burndown chart við lok hvers funds og tilkynna hver staðan er hverju sinni. Með því að vinna eftir þessu fyrirkomulagi munum við framkvæma fyrst þær kröfur sem mikilvægastar eru og einbeita okkur að því að klára þær fyrir settan útgáfudag.

Í lok hvers spretts héldum við svo sprint retrospective þar sem allir hópurnir hittist og fóru yfir hvernig spretturinn gekk, hvað gekk vel eða illa og hvað læra má af sprettinum. Þar komu oft upp nýjar hugmyndir sem bætt var við verkefnið, og einhverju var breytt og hætt við.

Hópnum var úthlutað vinnuaðstaða í Sæbjörginni, kennsluskipi Slysavarnarfélagins. Þar höfðum við aðgang að kennslustofu og var verkefnið unnið þar að mestu, þó hver og einn hafi jafnframt unnið eitthvað heima hjá sér. Þar sem hópmeðlimir eru flestir í fullu starfi var að mestu unnið um kvöld og helgar. Við héldum okkur við það skipulag að hittast alla laugardag og sunnudaga sem og á þiðjudagskvöldum. Þegar leið á verkefnið og prófatímabilið var yfirstaðið hittumst við þó meira jafnvel 2-3 kvöld í viku, auk þess sem við nýttum þá aukafrídaga sem gáfust (svo sem um páskana, sumardaginn fyrsta osfrv). Samskipti okkar voru mest munnleg, enda unnum við mest á sama stað, en einnig í formi skjölunar. Ágreiningsatriði voru ekki mörg, en þau sem upp komu náðum við að leysa vel úr, innan hópsins.



## **Prófanir**

Auk þeirra prófana sem við gerðum, erum við með try catch finally blokkir til þess að reyna að grípa villur við hverja fyrirspurn í gagnaklösunum (e. Repository) okkar. Villurnar eru skrifaðar í log skrá innan kerfisins.

### **Einingaprófanir**

Einingaprófanir eru á alla controller klasa verkefnisins. Þær keyra sjálfvirkir á build server við hvert commit á kóðanum.

### **Selenium prófanir**

Við gerðum Selenium prófanirnar til tryggja að flæði og virkni síðunnar sé eins og til sé ætlast.

### **Viðtökuprófanir**

Við lok hverrar sögu gerðum við prófanir til að sannreyna að sú virkni sem sagan lýsti, virkaði í raun og veru á réttan hátt.

### **Notendaprófanir**

Sigrún Anna Stefánsdóttir, skrifstofustjóri hjá Slysavarnaskóla Sjómannanna, var fengin í notendaprófanir á kerfinu á mismunandi stigum ferlisins. Þar sem hún er vön gamla kerfinu og mun verða aðalnotandi á því nýja, þótti eðlilegast að láta hana reyna kerfið. Sú endurgjöf sem við fengum frá henni var svo notuð til að bæta kerfið og gera það notendavænna og skilvirkara.

## Hraðaprófanir

Við lok fyrsta fasa verkefnisins, sem var að tengja nýja SQL grunninn sem við gerðum við gamla Access kerfið sem er í notkun í skólanum gerðum við samanburðarmælingar á hraða kerfisins.

	Gamla tenging		Nýja tenging	
	Samanlagð ur hraði sek.	Meðalhra ði sek.	Samanlagð ur hraði sek.	Meðalhra ði sek.
<b>Fletta upp á númeri</b>	3	1,00	3	1,00
<b>Forskoðun</b>				
<b>mætingalista</b>	7	2,33	3	1,00
<b>Opna aðalmynd</b>	9	3,00	8	2,67
<b>Opna Greiðandi á</b>				
<b>nema</b>	9	3,00	10	3,33
<b>Opna greiðendur</b>	8	2,67	4	1,33
<b>Opna skrá námskeið</b>	3	1,00	4	1,33
<b>Opna þjóðskrá</b>	23	7,67	9	3,00
<b>Prenta viðurkenningar</b>	7	2,33	6	2,00
<b>Ræsa kerfi</b>	5	1,67	4	1,33
<b>Tvísmella á námskeið</b>				
<b>úr þjóðskrá</b>	3	1,00	3	1,00
<b>Úthringilisti</b>				
<b>námskeiðs</b>	5	1,67	11	3,67
<b>Opna Allir greiðendur</b>	17	5,67	6	2,00
<b>Heildartími</b>	<b>99</b>	<b>2,75</b>	<b>71</b>	<b>1,97</b>

Samanburðurinn var gerður með því að prófa hverja fyrirspurn þrisvar sinnum og var meðaltalið tekið af þeim keyrslum sem meðalhraði fyrirspurnanna.

Eins og samanburðurinn sýnir þá var kerfið strax orðið mun fljótvirkar að keyra fyrirspurnir eftir þennan fyrsta fasa, við nánast allar aðgerðir kerfisins.

# Sögur

## Verklag við söguvinnu

Við gerð vinnslulistans (e. Backlog) byrjuðum við á því að setja niður allar helstu sögur sem okkur kom til hugar og fengum svo Sigrúnu (Product Owner) á fund til okkar og í samvinnu við hana var þeim öllum forgangsraðað og nýjum bætt við, þar sem vantaði. Í fyrstu ætluðum við að notast við Excel til að halda utan um vinnslulistann og gerðum fyrir það ansi stórt og líklega heldur flókið skjal. Það kom fljótt í ljós að erfitt þótti að nota það, fólk var ekki að vinna eins og of auðvelt að skemma formúlur og flæði með rangri notkun. Við ákváðum því að skipta yfir í verkfæri sem Visual Studio býður upp á á Visual Studio Online. Það reyndist vera ágætis tól og eftir að við komumst upp á lag með að nota það, gekk betur að halda utan um verksskipulag hópsins, backlog, sprint burndown osfrv.

Við hófumst strax handa við að setja sögupunkta á allar nauðsynlegar (must have) sögur auk þess sem við settum fram verkhluta fyrir hverja sögu og stilltum upp fyrsta spretti samkvæmt því. Við áætluðum að vinna allt verkefnið í 8 sprettum, og hófum fyrsta sprett þann 31. janúar. Seinasti sprettur var í styttra lagi og var aðeins frá 9-15. maí, en í honum var engri nýrri virkni bætt við. Hann var engöngu notaður í að laga bögga, css vinnu og að klára skýrslur.

Um miðbik verkefnisins kláruðum við að setja sögupunkta á allar forgangskröfur. Sögupunktarnir voru í heild við upphaf verkefnisins 136 punktar, en við lok verkefnisins voru unnir punktar orðnir **199**.

Fyrsta útgáfa kerfisins leit dagsins ljós við lok þriðja spretts og eftir þá útgáfu settum við nýja uppfærslu í „loftið“ við lok hvers spretts.

# Framvinda

## *Sprettur 1*

### **Sprettur 1: 31. jan. til 13. feb..**

**Markmið sprettsins:** Klára yfirfærsluna úr Access grunni í SQL grunn og klára uppsetningu á grunnatriði kerfisins (aðalstólpana).

**Áætlaðir sögupunktur sprettsins voru 36 en lokið var 21.**

Fyrsti sprettur verkefnisins gekk mjög vel þrátt fyrir að áætluðum sögupunktafjölda hefði ekki verið náð. Markmið sprettsins var að klára að flytja grunninn úr Access í SQL og það gekk mjög vel fyrir sig. Hópurinn vann vel saman en það markmið sem hópurinn setti sér fyrir næsta sprett var að gæta þess að við mundum borða hádegismat, sem er til þess ætlað að forða hópnum frá óþarfa ergelsi. Áætlaðir punktar sprettsins voru 38 en reyndir var sú að 17 punktar kláruðust. Helsta ástæðan var sú að að verkefnin voru flóknari en gert hafði verið ráð fyrir auk þess sem hópurinn er að komast í gang við samvinnuna og slíkt getur tekið tíma. Á þessum punkti verkefnisins vorum við að setja verkefnið upp í Visual Studio Online og því höfum við ekki brunarit fyrir þennan sprett. En hann er þó inni í hraðariti verkefnisins auk þess sem hann er innifalinn í brunariti verkefnisins.

## Sprettur 2


Sprettur 2 gekk því miður ekki sem skyldi. Upp komu vandamál með SQL serverinn sem öllu því að við urðum að uppfæra úr SQL Express í SQL server. Að auki voru vandamál sem tengdust ólíkum útgáfum af Visual Studio sem hópmeðlimir voru með uppsett. Þessi atriði, sem og sú ástæða að við vorum enn á byrjunarstigum og að koma okkur í gang með forritunina ollu því að ekki komst mikið í verk af þeim sögum sem við höfðum áætlað.

### Sprettur 2: 14. feb. til 27.feb.

**Markmið sprettsins:** Að setja inn grunnstólpa kerfisins.

**Áætlaðir punktar voru 38 en við náðum að ljúka 4**

## Brunarit



Eftir þennan hrakfallasprett héldum við Retrospective og það sem við völdum að nýta sem þema fyrir næsta sprett var að vera duglegri að nýta okkur sögurnar betur og brjóta þær betur niður í verkefni. Auk þess sem við ætlum að bæta okkur í því að skrá tímuna okkar jafnóðum.

## Sprettur 3


Þar sem markmið verkefnisins frá upphafi var að þróa „Responsive“ vef (mobile first) prófuðum við vefinn á hinum ýmsu tækjum fyrir fyrstu útgáfuna sem var við lok sprettsins. Í þessum spretti tókst okkur loks, eftir miklar raunir, að koma Build servernum okkar í lag og hann keyrir einnig einingaprófanir á verkefnið við hvert build.

**Sprettur 3: 28. feb til 13. Mars.**

**Markmið sprettsins:** Að undirbúa fyrstu útgáfu með grunnvirkni.

**Áætlaðir sögupunktur sprettsins voru 34 en lokið var 18**

## Brunarit



Það sem við völdum að hafa sem þema fyrir næsta sprett var að bæta okkur í að brjóta sögurnar upp í tösk og við sáum einnig að við þurftum að áætla lengri tíma á hverja sögu. Með því að endurmeta sögurnar og brjóta þær betur niður í verkefni svo að auðveldara sé að átta sig á stöðunni bæði hjá sér og öðrum í hópnum. Sögurnar hjá okkur virðast vera mjög vanmetnar og heldur stórgerðar, þ.e. að það vanti að brjóta þær betur upp og því höfum við nú þegar tekið okkur svolítinn tíma í að endurmeta og endurskoða sögurnar okkar.

## Sprettur 4


Þetta var spretturinn sem við erum búin að vera að bíða eftir, þar sem að allt gekk upp. Við náðum að klára sprettinn fyrir áætlaðan tíma og markmið hans náðist. Vinnan var mun markvissari hjá okkur eftir að við gáfum okkur meiri tíma í að meta sögurnar og brjóta þær niður eftir síðasta sprett.

### Sprettur 4: 14. mars til 24. mars

**Markmið sprettsins:** Að klára grunnvirknina alveg skrá - breyta - eyða og byrja á skýrslugerðum.

**Áætlaðir sögupunktur fyrir sprettinn eru 31 og við kláruðum 27.**

## Brunarit



Fjórði sprettur gekk framur vonum og hófum við fimmta sprett á undan áætlun vegna einstaklega góðs gægnis í við sögulokanir.

Það sem við völdum að nýta sem þema fyrir næsta sprett var að vera duglegri að segja hópnum hvar við erum stödd og biðja um hjálp um leið og okkur finnst við vera að festast í verkefnum. Tveir hausar eru betri en einn og því getur verið mjög gott að fá annað álit fyrr en síðar.


## Sprettur 5

### Sprettur 5: 24. mars til 10. apríl

**Markmið sprettsins:** Að koma skýrslum og skilaboðasendingum til nemenda vel af stað (bæði tölvupóst og SMS)

**Áætlaðir sögupunktur voru 47 en við kláruðum punktar voru 39**

### Brunarit






## Sprettur 6

**Sprettur 6: 11. apríl til 24. apríl**

**Markmið sprettsins:** Að koma skýrslum frá kerfinu í lag

**Áætlaðir sögupunktur voru 40 en við kláruðum 35**

### Brunarit



### Retrospective

Sprettir 5 og 6 einkenndust örlítið af því að við vorum í prófum á sama tíma og unnum því nokkuð í þörum í stað þess að hittast sem hópur, því gerðum við Retrospective fyrir bæði sprett 5 og sprett 6 við lok síðari sprettsins. Þar kom fram skýrt fram sameinileg ánægja með framgöngu verkefnisins í heild en minntum við þó hvort annað á mikilvægi þess að hinir hópameðlimirnir séu með á hreinu að hverju hver sé að vinna að svo enginn tvíverknaður eigi sér stað. Almenn ánægja er í hópnum með góða samvinnu, mikil afköst og að mörg stór mál hafi verið leyst þrátt fyrir annríki í prófatíð.


## Sprettur 7

### Sprettur 7: 25. apríl til 8. maí

**Markmið sprettsins:** Klára að setja inn nauðsynlega og Nice to have virkni sem kerfið þarf.

**Áætlaðir punktar voru 46 en við kláruðum 38 punkta**

### Brunarit




Nú þegar stutt var orðið eftir og þetta var í raun síðasti spretturinn þar sem við gátum verið að setja inn nýja virkni í kerfið fórum við vel yfir allar kröfur sem eftir voru á kröfulistanum og endurröðuðum því sem þurfti nauðsynlega að hafa inni í sprettinum og þar með kerfinu eins og við munum skila því frá okkur. Við gerðum auk þess nokkuð ítarlega yfirferð á kerfinu til að skoða flæði og samræma á milli hinna ýmsu hluta kerfisins.

## Sprettur 8

**Lokaspretturinn: 9. maí til 14. maí**

**Markmið sprettsins:** Klára verkefnið, aflúsa verkefnið og klára þær skýrslur sem þurfti að skila með verkefninu.


### Brunarit



Við settum okkur í code- freeze við lokasprettinn, sem þýðir að við vildum ekki vera að bæta inn neinni aukavirkni fyrir kerfið á þessum tímapunkti. Við vildum nýta tímann fram að skilum til þess að klára skýrslur og yfirfara síðuna með það í huga að bæta flæði hennar og notendaupplifun auk þess að laga þá galla sem við fundum á síðunni.

## Hraðarit verkefnisins


Hraði hópsins í verkefninu í heild er búinn að vera mjög breytilegur eins og sjá má að meðfylgjandi hraðariti (velocity chart) fyrir þann tíma sem liðinn er af verkefninu. En hópurinn var að meðaltali að brenna um 25 punktum í sprett.




Verkefnið vannst vel í heildina þrátt fyrir hinar ýmsu hindranir á leiðinni.

## Brunarit verkefnisins í heild

Hér er brunarit verkefnisins í heild. En verkefnið var í upphafi áætlað 119 sögupunktur en er nú við lok verkefnisins voru unnir sögupunktur verkefnisins orðnir 199.



## Brunarit verkhluta verkefnisins



Þetta rit sýnir þá verkhluta (e. Task) sem skráðir voru við hverja sögu yfir allt verkefnið. Þá skráðum við hve mikinn tíma við töldum að við ættum eftir af verkhlutanum í klukkustundum.

Það er skemmtilegt að segja frá því að stór aukningin á gráa svæðinu átti sér stað í einu af óveðrunum sem eru búin að fara yfir landið þessa önnina og í þetta skiptið var skipið rafmagnslaust. Við sátum því frammi hópurinn, með brunaviðvörðunarkerfið baulandi á okkur með eina tölvu, sem var nóg hlaðinn og internet tengingu í gegnum farsíma að "taska" sögur. Við sátum í ca. 2 tíma að yfirfara backlogginn okkar í vagginu og höfðum öll gaman af.


## Samantekt úr dagbók

Nú við lok Verkefnisins, þann 11. maí hefur hópurinn í heild unnið samtals 1333 klukkustundir. En nánari tímaskráningar má sjá hér:

<https://docs.google.com/spreadsheets/d/1p29UkpZvdQ1x3pP8z2dIA8Lwa60YIDTp4kVI4QLPc3M/edit?usp=sharing>

	Anton	Lena Dögg	Lilja Ösp	Sigurður	Samtals
<b>Sprettur 0</b>	23	23	24	23	<b>93</b>
<b>Sprettur 1</b>	46	35	41	45	<b>167</b>
<b>Sprettur 2</b>	46	20	39	43	<b>148</b>
<b>Sprettur 3</b>	37	46	40	41	<b>164</b>
<b>Sprettur 4</b>	37	40	33	42	<b>152</b>
<b>Sprettur 5</b>	55	52	49	52	<b>208</b>
<b>Sprettur 6</b>	25	14	11	32	<b>82</b>
<b>Sprettur 7</b>	65	69	58	60	<b>252</b>
<b>Sprettur 8</b>	9	21	18	19	<b>67</b>
<b>Samtals</b>	343	320	313	357	<b>1333</b>

Og skipting tímans í verkefninu var eftirfarandi:



## ***Samantekt (Post Mortem)***

Við lok verkefnisins er hollt að líta um öxl og íhuga hvað við erum ánægð með sem og hvað betur hefði mátt fara. Við erum nokkuð ánægð með það hve miklu við fengum áorkað, þrátt fyrir að vissulega hafi verið gaman að geta klárað allar nice-to-have sögurnar.

Eitt af því sem rætt var þegar við fórum af stað með að forrita var það hvort nota ætti Entity framwork í verkefninu. Við völdum að fara þá leið að nota það ekki, heldur skrifa sql fyrirspurninar beint í föllin. Ástæða þess að sú leið var farin var slæm reynsla eins úr hópnum sem viðhalda þurfti Entity Framework í verkefni sem unnið var á vinnustað hans. Þar sem reynsla annarra úr hópnum af notkun á Entity Framework var lítil eða engin, var ákveðið að fara ekki þá leið.

Þegar leið á verkefnið kom þó í ljós að notkun á Entity Framework hefði getað auðveldað ýmislegt annað, svo sem uppsetningu á skýrslum sem kerfið á að búa til sem og einingaprófanir. Það er því líklegt að við myndum notast við Entity Framework, myndum við gera slíkt kerfi frá grunni á nýjan leik.

Einnig má minnast á þá ákvörðun að hafa milliklasann, AppRepository, til að útfæra interface föllin í IappRepository. Sú ákvörðun var tekin með það í huga að auðveldara væri að búa til einingaprófanir, en svo fór að það var óþarft og ekki notað. Því varð þetta í raun eingöngu til þess fallið að skapa auka milliklasa sem hefði mátt sleppa. Aftur á móti má færa rök fyrir því að þetta hafi verið hentugt þegar litið er til þess að á þennan hátt var auðvelt að sjá hvar hvert fall var útfært, því öll föllin voru útfærð í sama klasanum.



## Lokaorð

Það er sameiginleg niðurstaða allra í hópnum að vinnan við gerð kerfisins hafi verið bæði lærdómsrík og krefjandi. Grunnur hópmeðlima í forritun var bæði mismikill og mismunandi. Sumir voru betri í vefforritun á meðan þekking annarra lá meira í gagnagrunnum eða hlutundinni forittun. En saman hjálpuðum við hverju öðru að styrkjast á þeim sviðum þar sem þekkingu skorti og í lokin má segja að hver og einn hafi getað gengið í flest verkefni.

Það lá nú eiginlega alltaf fyrir að ekki myndi takast að klára allt sem óskað var eftir í sambandi við kerfið. Þó grunnvirknin sé til staðar og þó nokkuð af nice-to-have kröfum hafi verið klárað, þá liggur fyrir að vinna þarf áfram í þróun kerfisins til að mæta öllum þeim óskum um virkni sem fyrir liggja. Til að mynda var þess rætt um að gaman gæti verið fyrir nemendur að geta skráð sig inn á sitt svæði til að skoða og uppfæra sínar upplýsingar og skrá sig á námskeið.

# Fylgiskjöl

## Forritunarreglur

### Almennt

- Allur kóði skal vera á ensku og athugasemdir skulu vera á íslensku.
- Inndrátt skal gera með tab frekar en bilum. Eitt tab jafngildir 4 stafabilum.
- Klasa- og breytunöfn skulu vera eins lýsandi og kostur er og forðast skal að nota skammstafanir til að lágmarka þörfina á athugasemdum. Athugasemdir skal nota þar sem nánari úrskýringa er þörf.
- Stafabil (e. spacing) skulu almennt vera ein auð lína sem aðskilur klasa, föll og þess háttar. Eitt bil skal vera beggja megin við alla virkja og eftir kommu og semikomu. (sjá dæmi C#).
- Ef ein stök lína fer yfir 80 stafabil skal brjóta hana upp í fleiri línur til að koma í veg fyrir að það þurfi að skrúna tilhliðar á skjá til að geta lesið línuna.
- Notast skal við XML Athugasemdir (XML Documentation) þar sem útskýrt er hvaða hlutverki tiltekinn klasi gegnir og hvernig ákveðin föll virka. Sbr. <http://msdn.microsoft.com/en-us/library/b2s063f7.aspx>

### Nafnagiftir

- **Klasi** skal ritaður með **Pascal** ritunarstíl.  
Dæmi: `public class RegisterForCourse();`
- **Eigindi** (property) klasa skal ritað með **Pascal** ritunarstíl.  
Dæmi: `public int SomeProperty {get; set;}`
- **Breyta** skal rituð með **camelCase** ritunarstíl  
Dæmi: `int numberOfCourses;`
- **Fasti** skal ritaður með hástöfum. Sé fastinn samsettur úr tveimur eða fleiri orðum skal setja undirstrik á milli orða. Dæmi: `const int MAX_COURSES = 10;`

### C# reglur

- **Klasar og föll:** Skulu vera rituð í "Pascal casing". Þ.e. nafnorð sem byrja á hástaf og orð aðskild með hástaf, annars lágstafir.
  - **Dæmi:** User, Username, UsernameId
- **Interface Klasar:** Byrja á hástafa 'I' og nota Pascal casing.
  - **Dæmi:** IappRepository

- **Breytur:** Skulu vera rituð í "Camel casing". Þ.e. nafnorð sem byrja á lágstaf en orð aðskiljast með hástaf. Skammstafanir skulu vera hástafir.
  - **Dæmi:** user, userName, userNameId
- **Stafabill:** Ein auð lína skal aðskilja klasa og föll. Eitt bil skal vera beggja megin við alla virkja og eftir semíkommum og kommum.
  - **Dæmi:** a = b + c og for (int i = 0; i < 10; i++)
- **Slaufusvigar { }:** Slaufusvigar opnast og lokast alltaf í sér línu. Þar er átt við í föllum, klösum og lykkjum. Dæmi:

```
public class User
{
    // Kóði
}
```

- **If setningar og lykkjur** (for, foreach, while, o.s.fr.): Skulu alltaf hafa slaufusviga, jafnvel þótt aðeins ein lína fylgi if (eða lykkju) setningunni.

```
if (skilyrði)
{
    // Kóði
}
```

- **Athugasemdir:** Athugasemdir ættu helst að vera í sér línu, en ef hún er höfð í sömu línu og kóði skal hún vera stutt og hnitmiðuð. Nota skal // við allar athugasemdir hvort sem þær eru ein lína eða fleiri, nema þegar skjalaðar athugasemdir eru notaðar. Ekki skal nota /\* .... \*/. Dæmi:
 

```
    // athugasemd lína 1
    // athugasemd lína 2
```

## JavaScript reglur

- Varast skal að nota \$ sem breytunafn þar sem hún er notuð af öðrum kóðasöfnum eins og til dæmis jQuery.
- Slaufusvigar skulu byrja við lok skilyrðis og enda í sér línu.

```
function (skilyrði) {
    // Kóði
}
```

- **Föll og breytur:** Skulu vera rituðar í "Camel casing". Þ.e. nafnorð sem byrja á lágstaf en orð aðskiljast með hástaf. Annars lágstafir. Skammstafanir skulu vera hástafir.

- **Dæmi:** user, userName, userNameId
- **Smiðir:** Skulu vera ritaðir í "Pascal casing". Þ.e. nafnorð sem byrja á hástaf og orð aðskild með hástaf, annars lágstafir
  - **Dæmi:** User, UserName, UserNameId

### HTML reglur

- DOCTYPE fyrir HTML 5 skal vera efst á síðunni, <!DOCTYPE html>
- Hver HTML síða skal hafa hlekk á grunnsíðuna (e. Master Page)efst á síðunni undir DOCTYPE.
- Öll tög skulu hafa fullnægjandi lokunartög.
  - dæmi: <h1>Titill</h1>
- Allar myndir skulu hafa upplýsingartexta (alt texta).
- CSS skal vera í sér skrá en ekki ritað innan HTML kóðans
- JavaScript skal vera í sér skrá en ekki ritað innan HTML kóðans

### Útlitsreglur

- Kerfið notar CSS 3.
- Almennur texti verður 12pt letur og getur verið feitletraður þegar við á, til dæmis þegar verið að leggja áherslu á ákveðið orð.
- Kerfið skal vera á íslensku.
- Dagsetningar verða á forminu 10.12.1984, þ.e. dd.mm.yyyy.

## Sögur verkefnisins

Hér má sjá niðurbrot á sögum og verkefnum hvernar sögu verkefnisins og er þeim raðað í tímaröð eftir því hvenær þær voru unnar.

Sprettur 1				
ID	Saga	Verkefni sögunnar	Punktur	Staða
29	Loggur	Framvinduskýrsla fyrir stöðufund 1	2	Done
30	Loggur	Sem meðlimur verkefnateymis þarf ég að finna útlit fyrir kerfið til þess að það sé gert í eitt skipti fyrir öll	1	Done
97	Task	Finna CSS þema sem inniheldur útlit sem hentar vefnum		Done
31	Loggur	Sem meðlimur verkefnateymis þarf ég að gera glærुकynningu sem verður kynnt á þriðjudaginn 3. feb.	2	Done
99	Task	Fara yfir og lagfæra glærुकynningu ef þarf		Done
98	Task	Setja upp glærur fyrir kynningu		Done
94	Task	Uppsetning		Done
93	Task	Sniðmát fyrir glærur		Done
32	Loggur	Uppsetning á þróunarumhverfi	1	Done
102	Task	Tenging project við gagnagrunn		Done
101	Task	Tenging við team server		Done
100	Task	Uppsetning á projecti		Done
34	Loggur	Áhættugreining - skil í viku 5	1	Done
96	Task	Uppsetning		Done
35	Loggur	Verkátætlun - skil í viku 5	2	Done
95	Task	VS uppsetning		Done
2	Loggur	Færa gögn yfir í SQL og gera gagnagrunn kláran	5	Done
24	Task	Fara yfir töflur í Access, bæta við töflum sem vantar og ath id		Done
74	Task	Gera tilraunafyrirspurnir í nýja grunninn		Done
75	Task	Búa til testgrunn og tengja við verkefnið		Done
72	Task	Keyra SQL uppfærslutól í Access		Done
73	Task	Fara yfir töflur og tengingar		Done
3	Loggur	Tengja Access gagnagrunn við SQL	3	Done
78	Task	Prófa að skrifa í SQL frá Access		Done
77	Task	Prófa virkni í Access grunni, keyra allar fyrirspurnir		Done
76	Task	Setja upp tengingar Access við SQL		Done
